

Rannsóknir á seiðastofnum í Vatnsdalsá árið 2009

Bjarni Jónsson og Karl Bjarnason



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf


Forsíðumynd: Flóðið í Vatnsdal.

Myndataka: Bjarni Jónsson

Rannsóknir á seiðastofnum í Vatnsdalsá árið 2009

Bjarni Jónsson og Karl Bjarnason

Apríl 2010



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Inngangur og aðferðir

Hinar árlegu seiðarannsóknir í Vatnsdalsá og hliðarám hennar fóru fram seinni hluta septembermánaðar 2009. Þessi rannsókn var sú tuttugasta og fimmta í röðinni af samfelldum seiðarannsóknum með rafveiðum á vatnasvæðinu. Mjög mikilvægar upplýsingar hafa því safnast um lífríki vatnasvæðisins og sveiflur á ástandi laxastofna eftir árum. Ávallt er þess gætt að rannsóknirnar séu framkvæmdar á svipaðan hátt þannig að samanburður milli ára sé marktækur.

Alls var rafveitt á 13 stöðum á vatnasvæðinu; sjö stöðum í Vatnsdalsá, tveimur í Álku og einum stað í Hólkotskvísl, Vaglakvísl, Tunguá og Kornsa. Ávallt er veitt á sömu stöðum á hverju ári og hafa veiðistaðirnir verið valdir með tilliti til þess að fá sem besta yfirsýn yfir seiðabúskap vatnasvæðisins. Veidd var ein umferð á hverjum stað og var stærð veiðistaðanna á bilinu 63 - 260 m², allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

Þéttleiki seiða á hverja 100 m² var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þessi aðferð aðeins vísitölu seiðapéttleika en ekki heildarþéttleika seiða á svæðinu: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis } m^2) * 100m^2$ (tölur 1-3).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Meðallengd og -þyngd allra laxa-, bleikju- og urriðaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (tölur 4-12). Ástandsstuðull er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$. Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $\text{lífþyngd á } 100 m^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 m^2$ (tölur 13-15).

Gögn um heildarþéttleika allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í ánni eftir árum frá 2001-2009 voru tekin saman. Tvær mismunandi aðferðir eru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt óháð stærð þeirra. Þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár: *þéttleiki árinna* = *þéttleiki hvernar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman / fjölda stöðva* (tölur 16-18).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár: *þéttleiki árinna* = *(heildarfjöldi veiddra seiða í ánni / heildarflatarmál veiðisvæðis m^2)*100 m^2* (tölur 19-21). Í túlkun og umræðum um þéttleika seiða á vatnasvæði Vatnsdalsár eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A. Aðferð B er aðeins notuð til viðmiðunar.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða eftir ám og á vatnasvæðinu í heild árin 2001 – 2009 (tölur 22-24) og samskonar gögn fyrir meðalþyngd, meðalástandsstuðla og lífþyngd árin 2002 – 2009 (tölur 25-33). Auk þess voru veiðitölur sumarsins 2009 teknar saman (tölur 34-35 og myndir 15-16).

Niðurstöður rafveiða

Vatnsdalsá

Skammt fyrir neðan Dalsfoss er efsti rafveiðistaðurinn í Vatnsdalsá, (staður 1, mynd 1). Þar veiddust fjórir árgangar af laxaseiðum, vorgömul til þriggja ára, og var þéttleiki þeirra allra mjög mikill einkum þó tveggja yngstu árgangana (tafla 1, mynd 2a). Tvö bleikjuseiði veiddust og voru þau á fyrsta og þriðja ári (tafla 2, mynd 8a). Einnig veiddust tveir urriðar, vorgamall og fimm ára (tafla 2, mynd 10a).

Ofan við Stekkjarfoss er næstefsti rafveiðistaðurinn (staður 2, mynd 1). Þéttleiki eins árs laxaseiða reyndist talsvert mikill og vorgömul og tveggja ára veiddust einnig í nokkru magni (tafla 1, mynd 2a). Ekki varð vart við bleikjuseiði (tafla 2) en talsvert var af vorgömlum urriðaseiðum (tafla 3, mynd 10a).

Neðan við Forsæludal er rafveiðistaður 3 (mynd 1). Þar voru árgömul laxaseiði í talsvert miklum þéttleika, en mun minna veiddist af vorgömlum og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Ekki varð vart við bleikjuseiði (tafla 2), en vorgömul og eins árs urriðaseiði reyndust í talsverðu magni og vart varð við tveggja og þriggja ára seiði (tafla 3, mynd 10a).

Á rafveiðistað 5, sem er rétt ofan við ármót Vatnsdalsár og Álku (mynd 1), veiddust tveir árgangar af laxaseiðum, eins árs og tveggja ára, en báðir í frekar litlu magni (tafla 1, mynd 2a). Eitt vorgamalt bleikjuseiði veiddist (tafla 2, mynd 8a) og vorgömul og eins árs urriðaseiði reyndust vera í nokkrum þéttleika (tafla 3, mynd 10a).

Við ármót Vatnsdalsár og Gilár er rafveiðistaður 7 (mynd 1). Þéttleiki eins árs laxaseiða var geysi mikill og vorgömul seiði voru einnig í mjög miklu magni. Þéttleiki beggja árganganna á þessum rafveiðistað var sá mesti í rannsókninni. Þá reyndust tveggja ára laxaseiði vera í talsvert miklu magni (tafla 1, mynd 2a). Vorgömul bleikjuseiði voru í mjög miklum þéttleika og lítilsháttar veiddist af eins árs seiðum (tafla 2, mynd 8a). Tveir yngstu árgangarnir af urriðaseiðum fundust en báðir í frekar litlu magni (tafla 3, mynd 10a).

Á móts við Hof er rafveiðistaður 8 (mynd 1). Vorgömul laxaseiði reyndust vera þar í nokkru magni og einnig veiddust eins árs seiði (tafla 1, mynd 2b). Vorgömul bleikjuseiði voru í frekar litlu magni (tafla 2, mynd 8a) og heldur minna veiddist af vorgömlum urriðaseiðum (tafla 3, mynd 10b).

Fyrir neðan Skriðuvað er neðsti rafveiðistaðurinn í Vatnsdalsá (staður 9, mynd 1). Þar reyndist þéttleiki þriggja ára laxaseiða mestur í rannsókninni. Eins og tveggja ára seiði voru einnig í góðu magni, en minna var af vorgömlum seiðum (tafla 1, mynd 2b). Eitt vorgamalt bleikjuseiði fannst (tafla 2, mynd 8b) og eins, tveggja og þriggja ára urriðaseiði veiddust en í litlum mæli (tafla 3, mynd 10b). Þá veiddust einnig 12 hornsíli.

Álka

Eins og undanfarin ár er rafveitt á tveimur stöðum í Álku. Efri staðurinn er í Álkugilinu nokkru ofan við brúna yfir ána (staður 2, mynd 1). Þar veiddust þrír yngstu árgangarnir af laxaseiðum og var þéttleiki árs gömlu seiðanna mestur (tafla 1, mynd 3). Hvorki fundust bleikju- eða urriðaseiði (töflur 2 og 3).

Neðri rafveiðistaðurinn í Álku er talsvert neðan við brúna yfir ána (staður 3, mynd 1). Fjórir árgangar af laxaseiðum veiddust og var þéttleiki eins og tveggja ára seiða mjög mikill og reyndar mestur af tveggja ára seiðum í rannsókninni. Talsvert var af þriggja ára seiðum en minnst af seiðum á fyrsta ári (tafla 1, mynd 3). Eitt árs gamalt bleikjuseiði veiddist (tafla 2, mynd 9) og vart varð við eins og tveggja ára urriðaseiði (tafla 3, mynd 11).

Hólkotskvísl

Rafveitt er á einum stað í Hólkotskvísl, skammt fyrir ofan ármótin við Vaglakovísl (staður 5, mynd 1). Eitt þriggja ára laxaseiði veiddist (tafla 1, mynd 4), en engin bleikju- eða urriðaseiði fundust (töflur 2 og 3).

Vaglakovísl

Rafveiðistaðurinn í Vaglakovísl er stutt ofan við ármótin við Hólkotskvísl (staður 3, mynd 1). Þar veiddust fjórir yngstu árgangarnir af laxaseiðum og var þéttleiki ársgamalla seiða mikill og talsvert var af tveggja ára seiðum, en minna af vorgömlum og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 5). Ekkert bleikjuseiði fannst (tafla 2), en talsvert veiddist af vorgömlum og eins árs urriðaseiðum ásamt einu fjögurra ára seiði (tafla 3, mynd 12).

Tunguá

Í Tunguá er rafveiðistaðurinn stutt fyrir neðan brúna yfir ána (staður 2, mynd 1). Eins árs laxaseiði voru í talsvert miklu magni og vorgömul og tveggja ára seiði veiddust einnig en í mun minna mæli (tafla 1, mynd 6). Ekki varð vart við bleikjuseiði (tafla 2), en þrír yngstu árgangarnir af urriðaseiðum veiddust og var þéttleiki vorgömlu seiðanna mestur (tafla 3, mynd 13).

Kornsá

Rafveiðistaðurinn í Kornsá er skammt ofan við brúna á ánni (staður 4, mynd 1). Þar veiddust vorgömul og eins árs laxaseiði og var þéttleiki beggja árganganna góður, einkum þó ársögmlu seiðanna (tafla 1, mynd 7). Engin bleikjuseiði fundust (tafla 2), en þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var talsverður og sá mesti í rannsókninni, nokkuð var einnig af eins árs seiðum (tafla 3, mynd 14).

Árgangastyrkleiki og vöxtur seiða

Samkvæmt seiðarannsóknnum haustið 2009 reyndist þéttleiki laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám hennar vera mjög mikill og seiðin vel dreifð um vatnasvæðið (töflur 1 og 16). Mestur þéttleiki vorgamalla seiða var á stöðvum 1 og 7 í Vatnsdalsá, eins árs seiðin voru í mestum þéttleika á stöð 7 í Vatnsdalsá en á flestum rafveiðistöðunum voru þau þó í mjög miklum þéttleika. Tveggja ára laxaseiðin voru í mestum þéttleika á stöð 3 í Álku og þriggja ára seiðin á stöð 9 í Vatnsdalsá (tafla 1). Engin fjögurra ára laxaseiði fundust í rafveiðunum, en haustið 2008 veiddust þau á fjórum rafveiðistöðum (Bjarni Jónsson og Karl Bjarnason VMST/08038). Í samantekt síðustu ára sést glögg að allir fjórir yngstu árgangarnir eru sterkir (töflur 16a, b og c).

Bleikjuseiði veiddust á sex stöðvum og var þéttleikinn eins og undanfarin ár mestur á stöð 7 í Vatnsdalsá þar sem vorgömul seiði voru í mjög miklu magni (tafla 2). Bleikjuseiðin veiddust eingöngu í Vatnsdalsá utan eitt ársgamalt seiði á neðri veiðistaðnum í Álku. Þéttleiki vorgömlu og eins árs seiðanna í Vatnsdalsá var nokkru meiri en mælst hefur á síðustu árum (töflur 17a og 17b). Á heildina litið var þéttleiki urriðaseiða á vatnasvæðinu nokkuð áþekkur og verið hefur síðustu ár (töflur 18a og 18b). Mestur þéttleiki vorgamalla seiða reyndist vera í Kornsá og eins árs seiða á stöð 3 í Vatnsdalsá (tafla 3).

Meðalstærð vorgamalla og eins árs laxaseiða í Vatnsdalsá og hliðarám hennar var í góðu meðallagi miðað við síðustu ár meðan stærð tveggja og þriggja ára seiða er vel yfir meðallagi (töflur 4, 5, 22a, b og c og 25a, b og c). Bleikju- og urriðaseiðin hafa einnig þrífist ágætlega og var lengd og þyngd þeirra í góðu meðallagi (töflur 7, 8, 10, 11, 23a og b og 24a og b).

Holdafar eða ástand seiðanna sem er reiknað út frá þyngd seiðanna miðað við lengd var hjá öllum árgöngum laxaseiðanna yfir 1,0 sem er viðmiðunarstuðull fyrir laxaseiði (töflur 6 og 28a, b og c). Bleikjuseiðin voru hins vegar nokkuð neðan við sinn viðmiðunarstuðul og einnig undir meðaltali síðustu ára (töflur 9 og 29a og b). Ástand urriðaseiðanna í vatnasvæðinu var eins og áður mjög gott (töflur 12 og 30a og b).

Vísitala lífþyngdar laxaseiða, sem er margfeldi af þéttleika og meðalþyngd hvers árgangs, var mjög há og sú næstmesta yfir allt vatnasvæðið frá árinu 2002 en það er fyrsta árið sem lífþyngd var reiknuð fyrir allt vatnakerfið (töflur 13 og 31a og b). Ástæður þessa mikla lífþunga er mikill þéttleiki eins árs seiða og einnig góður þéttleiki tveggja ára seiða. Ef litið er til einstakra ára var lífþyngd laxaseiða hæst í Álku en Vatnsdalsá og Vaglakvísl voru einnig með mjög háa lífþyngd.

Lífþyngd bleikjuseiða var mest á stöð 7 í Vatnsdalsá (tafla 14) og í heild var lífþyngd bleikjuseiða í Vatnsdalsá talsvert meiri en verið hefur síðustu fjögur ár (tafla 32). Vísitala lífþyngdar urriðaseiða var mest á stöð 3 í Vatnsdalsá og í Vaglakvísl ef frá er talin stöð 1 í Vatnsdalsá, en þar byggist lífþyngdin nær eingöngu á fimm ára seiðum (tafla 15). Ef litið er á heildina voru Vaglakvísl, Vatnsdalsá og Álka með hærri lífþyngd urriðaseiða en áður hefur mælst (töflur 33a og b). Ef tekin er saman lífþyngd allra fisktegundanna eftir ám kemur í ljós mjög mikil lífþyngd sérstaklega í Vaglakvísl, Álku og Vatnsdalsá.

Veiðin 2009


Sumarið 2009 veiddust alls 1520 laxar á vatnasvæði Vatnsdalsár, 1397 á laxasvæðinu en 123 á silungasvæðinu (tafla 34). Langstærstum hluta þeirra var sleppt aftur í ána eða 1267 (tafla 34). Hængar voru í meirihluta í veiðinni eins og oftast áður en eitthvað var um ókyngreinda laxa (tafla 35). Auk laxanna veiddust 1340 bleikjur og 2021 urriðar á vatnasvæðinu og er það mesta urriðaveiði sem skráð hefur verið frá a.m.k. 1987 (Guðni Guðbergsson, VMST/09035). Laxveiðin var mest frá lokum júlí og út ágúst en einnig veiddist töluvert á laxasvæðinu í byrjun september (myndir 15 og 16). Bleikjuveiðin var mest í lok júní en urriðaveiðin dreifdist nokkuð um tímabilið (myndir 15 og 16).

Umræða


Sumarið 2009 veiddust 1520 laxar í Vatnsdalsá sem er mesta veiði þar síðan árið 1986. Þó hluti laxa veiðist oftar en einu sinni þá kemur á móti að með því að einungis er veitt á flugu er dregið úr veiðisókn. Margt bendir því til þess að sumarið 2009 hafi verið stærri laxagöngur í Vatnsdalsá en sést hafa í 25 ár. Silungsveiðin, 3361 fiskur var einnig nálægt meti í skráðri veiði og þá sér í lagi fjöldi urriðanna.

Seiðabúskapur Vatnsdalsár hefur verið einstaklega góður síðustu ár. Dreifing um vatnasvæðið hefur verið tiltölulega jöfn bæði hvað varðar einstaka árganga og á milli árganga. Veiða sleppa fyrirkomulagið virðist hafa þau áhrif að uppeldissvæði á öllu vatnasvæðinu eru að nýtast betur, sérstaklega í efri hluta árinna og hliðarám hennar. Ennfremur virðast nú minni sveiflur í ástandi en áður. Engin merki hafa sést um neikvæð áhrif þessa veiðifyrirkomulags á stofna árinna heldur þvert á móti. Segja má að veiða sleppa fyrirkomulagið hafi verið lykillinn að því að byggja aftur upp laxastofna árinna sem voru í slæmu ásigkomulagi. Þá má einnig segja að Veiðifélag Vatnsdalsár og leigutaki hafi unnið brautryðjendaverk í verndun stórlax, sem fleiri hafa horft til seinni ár, en mjög hefur dregið úr stórlaxagöngum í íslenskar laxveiðiár.


Metgöngur seiða voru úr húnvetnskum ám vorið 2008 sem skiluðu sér í mikilli veiðiaukningu og í sumum tilvikum metveiði sumarið 2009. Þessar seiðagöngur voru í samræmi við spár okkar sem byggðu á rannsóknum ársins 2007. Vatnsdalsá skar sig hinsvegar nokkuð úr. Hluti þess stóra gönguseiðaárgangs sem átti að fara til sjávar vorið 2008 og skila sér í smálaxaveiði sumarið 2009 sat eftir og fór ekki út fyrir en ári síðar, vorið 2009. Sú seiðaganga dreifðist því á tvö ár. Gönguseiðagöngur úr Vatnsdalsá voru því einnig nokkuð öflugar vorið 2009 og með því allra besta sem vart varð við úr ám á Norðurlandi það ár. Veiðihorfur sumarsins 2010 eru því eftir því góðar í Vatnsdalsá og góðir möguleikar á að veiðin verði með því besta sem sést hefur lengi í ánni. Von er á stórum seiðagöngum úr ánni sumarið 2010 og framtíðin því björt fyrir veiði í Vatnsdalsá.




Mynd 1: Rafveiðistaðir í Vatnsdalsá og hliðarám.




Mynd 2a: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá haustið 2009.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá haustið 2009.




Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Álku haustið 2009.




Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Hólkotskvísl haustið 2009.







Mynd 5: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vaglakvísl haustið 2009.




Mynd 6: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Tunguá haustið 2009.




Mynd 7: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Kornsó haustið 2009.




Mynd 8a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Vatnsdalsá haustið 2009.





Mynd 8b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Vatnsdalsá haustið 2009.




Mynd 9: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Álku haustið 2009.




Mynd 10a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vatnsdalsá haustið 2009.




Mynd 10b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vatnsdalsá haustið 2009.




Mynd 11: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Álku haustið 2009.




Mynd 12: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vaglakvísl haustið 2009.




Mynd 13: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Tunguá haustið 2009.



Mynd 14: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Kornsá í haustið 2009.



Mynd 15: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði á silungasvæði í Vatnsdalsá árið 2009.



Mynd 16: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði á laxasvæði í Vatnsdalsá árið 2009.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám haustið 2009.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	108	20,37	21,30	7,41	4,63	
Vatnsdalsá-staður 2	136	5,88	13,24	6,62		
Vatnsdalsá-staður 3	182	1,65	12,09	3,85		
Vatnsdalsá-staður 5	252		1,59	2,38		
Vatnsdalsá-staður 7	63	22,22	90,48	6,35		
Vatnsdalsá-staður 8	210	5,71	0,95			
Vatnsdalsá-staður 9	210	0,48	5,71	8,10	6,19	
Álka-staður 2	260	1,92	5,00	1,92		
Álka-staður 3	119	2,52	47,90	18,49	3,36	
Hólkotskvísl-staður 5	248				0,40	
Vaglakovísl-staður 3	113	4,42	19,47	6,19	0,88	
Tunguá-staður 2	203	0,49	18,23	2,46		
Kornsá-staður 4	100	9,00	15,00			

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám haustið 2009.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Vatnsdalsá-staður 1	108	0,93		0,93	
Vatnsdalsá-staður 2	136				
Vatnsdalsá-staður 3	182				
Vatnsdalsá-staður 5	252	0,40			
Vatnsdalsá-staður 7	63	50,79	3,17		
Vatnsdalsá-staður 8	210	2,86			
Vatnsdalsá-staður 9	210	0,48			
Álka-staður 2	260				
Álka-staður 3	119		0,84		
Hólkotskvísl-staður 5	248				
Vaglakovísl-staður 3	113				
Tunguá-staður 2	203				
Kornsá-staður 4	100				

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám haustið 2009.

Staður nr.	Stærð svæðis (m ²)	Aldur					
		0+	1+	2+	3+	4+	5+
Vatnsdalsá-staður 1	108	0,93					0,93
Vatnsdalsá-staður 2	136	8,82					
Vatnsdalsá-staður 3	182	7,69	13,19	0,55	0,55		
Vatnsdalsá-staður 5	252	3,97	4,37				
Vatnsdalsá-staður 7	63	4,76	1,59				
Vatnsdalsá-staður 8	210	1,90					
Vatnsdalsá-staður 9	210		0,48	0,95	0,48		
Álka-staður 2	260						
Álka-staður 3	119		1,68	0,84			
Hólkotskvísl-staður 5	248						
Vaglákvísl-staður 3	113	10,62	7,08			0,88	
Tunguá-staður 2	203	6,40	1,48	0,49			
Kornsá-staður 4	100	15,00	3,00				

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	4,46	0,32	22	8,05	0,63	23	11,11	0,61	8	12,52	0,33	5
Vatnsdalsá-st. 2	3,90	0,28	8	7,48	0,53	18	10,36	0,97	9			
Vatnsdalsá-st. 3	3,70	0,46	3	7,48	1,00	22	10,54	1,14	7			
Vatnsdalsá-st. 5				7,60	0,22	4	10,80	0,81	6			
Vatnsdalsá-st. 7	4,42	0,20	14	6,92	0,78	57	9,90	0,59	4			
Vatnsdalsá-st. 8	4,34	0,23	12	6,80	0,14	2						
Vatnsdalsá-st. 9	5,40		1	8,38	0,54	12	9,62	0,45	17	11,92	0,60	13
Álka-staður 2	4,24	0,34	5	7,31	0,54	13	11,02	0,59	5			
Álka-staður 3	4,23	0,32	3	7,58	0,71	57	10,50	0,72	22	12,75	0,35	4
Hólkotskvísl-st. 5										16,30		1
Vaglakovísl-st. 3	3,74	0,30	5	6,35	0,54	22	11,74	0,46	7	13,30		1
Tunguá-staður 2	4,00		1	6,83	0,65	37	9,84	0,42	5			
Kornsá-staður 4	4,02	0,28	9	6,99	1,12	15						
Samtals	4,25	0,39	83	7,26	0,87	282	10,46	0,90	90	12,42	1,04	24

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	0,87	0,17	22	5,59	1,10	23	14,83	2,13	8	21,80	1,34	5
Vatnsdalsá-st. 2	0,64	0,21	8	4,39	1,01	18	11,63	3,90	9			
Vatnsdalsá-st. 3	0,57	0,25	3	4,58	1,84	22	12,74	4,56	7			
Vatnsdalsá-st. 5				4,43	0,19	4	13,47	3,30	6			
Vatnsdalsá-st. 7	0,88	0,14	14	3,34	1,32	57	9,90	2,09	4			
Vatnsdalsá-st. 8	0,97	0,16	12	3,90	0,28	2						
Vatnsdalsá-st. 9	1,70		1	6,14	1,17	12	9,30	1,56	17	18,35	2,79	13
Álka-staður 2	0,88	0,16	5	4,22	1,05	13	13,76	2,36	5			
Álka-staður 3	0,83	0,15	3	4,62	1,31	57	12,14	2,63	22	22,73	3,31	4
Hólkotskvísl-st. 5										50,80		1
Vaglakovísl-st. 3	0,52	0,16	5	2,73	0,70	22	18,01	2,88	7	28,20		1
Tunguá-staður 2	0,40		1	3,22	1,04	37	9,46	1,10	5			
Kornsá-staður 4	0,82	0,42	9	3,82	1,84	14						
Samtals	0,83	0,26	83	4,09	1,53	281	12,22	3,56	90	21,56	7,14	24

Tafla 6: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	0,97	0,08	22	1,06	0,07	23	1,07	0,04	8	1,11	0,10	5
Vatnsdalsá-st. 2	1,13	0,60	8	1,03	0,06	18	1,02	0,04	9			
Vatnsdalsá-st. 3	1,06	0,13	3	1,03	0,05	22	1,05	0,05	7			
Vatnsdalsá-st. 5				1,01	0,05	4	1,05	0,05	6			
Vatnsdalsá-st. 7	1,01	0,07	14	0,97	0,06	57	1,01	0,05	4			
Vatnsdalsá-st. 8	1,17	0,08	12	1,24	0,01	2						
Vatnsdalsá-st. 9	1,08		1	1,03	0,04	12	1,04	0,06	17	1,08	0,04	13
Álka-staður 2	1,15	0,07	5	1,06	0,06	13	1,02	0,02	5			
Álka-staður 3	1,09	0,07	3	1,04	0,05	57	1,03	0,05	22	1,09	0,09	4
Hólkotskvísl-st. 5										1,17		1
Vaglakvísl-st. 3	0,97	0,16	5	1,04	0,06	22	1,10	0,06	7	1,20		1
Tunguá-staður 2	0,63		1	0,98	0,08	37	0,99	0,02	5			
Kornsá-staður 4	1,24	0,60	9	1,04	0,10	14						
Samtals	1,07	0,29	83	1,02	0,07	281	1,04	0,05	90	1,10	0,07	24

Tafla 7: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	5,50		1				11,70		1
Vatnsdalsá-st. 2									
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5	5,30		1						
Vatnsdalsá-st. 7	4,74	0,44	32	7,10	0,28	2			
Vatnsdalsá-st. 8	4,83	0,68	6						
Vatnsdalsá-st. 9	6,40		1						
Álka-staður 2									
Álka-staður 3				10,00		1			
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Kornsá-staður 4									
Samtals	4,82	0,54	41	8,07	1,69	3	11,70		1

Tafla 8: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	1,80		1				14,60		1
Vatnsdalsá-st. 2									
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5	1,10		1						
Vatnsdalsá-st. 7	0,88	0,26	32	2,75	0,07	2			
Vatnsdalsá-st. 8	1,03	0,41	6						
Vatnsdalsá-st. 9	2,10		1						
Álka-staður 2									
Álka-staður 3				9,30		1			
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Kornsá-staður 4									
Samtals	0,96	0,36	41	4,93	3,78	3	14,60		1

Tafla 9: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ást.- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	1,08		1				0,91		1
Vatnsdalsá-st. 2									
Vatnsdalsá-st. 3									
Vatnsdalsá-st. 5	0,74		1						
Vatnsdalsá-st. 7	0,81	0,11	32	0,77	0,11	2			
Vatnsdalsá-st. 8	0,89	0,10	6						
Vatnsdalsá-st. 9	0,80		1						
Álka-staður 2									
Álka-staður 3				0,93		1			
Hólkotskvísl-st. 5									
Vaglakvísl-st. 3									
Tunguá-staður 2									
Kornsá-staður 4									
Samtals	0,83	0,11	41	0,83	0,12	3	0,91		1

Tafla 10: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+ / 5+*		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	5,80		1										27,20*		1
Vatnsdalsá-st. 2	5,37	0,45	12												
Vatnsdalsá-st. 3	4,74	0,63	14	8,69	1,04	24	14,20		1	16,40		1			
Vatnsdalsá-st. 5	4,86	0,77	9	8,30	0,73	11									
Vatnsdalsá-st. 7	4,93	0,93	3	7,30		1									
Vatnsdalsá-st. 8	4,58	0,13	4												
Vatnsdalsá-st. 9				10,10		1	11,60	0,99	2	14,90		1			
Álka-staður 2															
Álka-staður 3				9,00	0,57	2	12,40		1						
Hólkotskvísl-st. 5															
Vaglakovísl-st. 3	4,59	0,41	12	8,76	0,64	8							19,10		1
Tunguá-staður 2	4,96	0,61	13	8,53	0,25	3	10,30		1						
Kornsá-staður 4	4,61	0,82	15	7,80	0,40	3									
Samtals	4,84	0,66	83	8,57	0,89	53	12,02	1,52	5	15,65	1,06	2			

Tafla 11: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Vatnsdalsá og hliðarám í rafveiðum 2009.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+ / 5+*		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	2,20		1										249,00*		1
Vatnsdalsá-st. 2	1,68	0,46	12												
Vatnsdalsá-st. 3	1,23	0,59	14	7,44	2,87	24	32,90		1	47,60		1			
Vatnsdalsá-st. 5	1,51	0,96	9	6,76	1,94	11									
Vatnsdalsá-st. 7	1,40	0,78	3	4,00		1									
Vatnsdalsá-st. 8	1,18	0,10	4												
Vatnsdalsá-st. 9				10,60		1	17,15	4,17	2	35,10		1			
Álka-staður 2															
Álka-staður 3				8,35	1,48	2	21,30		1						
Hólkotskvísl-st. 5															
Vaglakovísl-st. 3	1,06	0,30	12	7,70	1,77	8							77,10		1
Tunguá-staður 2	1,42	0,54	13	7,15	0,49	2	12,30		1						
Kornsá-staður 4	1,33	0,84	15	5,80	0,75	3									
Samtals	1,36	0,64	83	7,26	2,38	52	20,16	8,08	5	41,35	8,84	2			

Tafla 12: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2009 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+ / 5+*		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vatnsdalsá-st. 1	1,13		1										1,24*		1
Vatnsdalsá-st. 2	1,06	0,07	12												
Vatnsdalsá-st. 3	1,08	0,09	14	1,09	0,05	24	1,15		1	1,08		1			
Vatnsdalsá-st. 5	1,18	0,18	9	1,16	0,07	11									
Vatnsdalsá-st. 7	1,10	0,03	3	1,03		1									
Vatnsdalsá-st. 8	1,23	0,07	4												
Vatnsdalsá-st. 9				1,03		1	1,09	0,01	2	1,06		1			
Álka-staður 2															
Álka-staður 3				1,14	0,01	2	1,12		1						
Hólkotskvísl-st. 5															
Vaglakovísl-st. 3	1,07	0,10	12	1,13	0,05	8							1,11		1
Tunguá-staður 2	1,12	0,12	13	1,10	0,00	2	1,13		1						
Kornsá-staður 4	1,22	0,13	15	1,22	0,03	3									
Samtals	1,13	0,13	83	1,12	0,07	52	1,11	0,03	5	1,07	0,01	2			

Tafla 13: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	5+	
Vatnsdalsá-st. 1	17,7	119,0	109,8	100,9			347,4
Vatnsdalsá-st. 2	3,8	58,1	77,0				138,8
Vatnsdalsá-st. 3	0,9	55,3	49,0				105,3
Vatnsdalsá-st. 5	0,0	7,0	32,1				39,1
Vatnsdalsá-st. 7	19,5	302,5	62,9				384,9
Vatnsdalsá-st. 8	5,5	3,7					9,2
Vatnsdalsá-st. 9	0,8	35,1	75,3	113,6			224,8
Álka-staður 2	1,7	21,1	26,5				49,2
Álka-staður 3	2,1	221,4	224,4	76,4			524,3
Hólkotskvísl-st. 5				20,5			20,5
Vaglakovísl-st. 3	2,3	53,1	111,6	25,0			191,9
Tunguá-staður 2	0,2	58,6	23,3				82,1
Kornsá-staður 4	7,4	57,3					64,7

Tafla 14: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	5+	
Vatnsdalsá-st. 1	1,7		13,5				15,2
Vatnsdalsá-st. 2							0,0
Vatnsdalsá-st. 3							0,0
Vatnsdalsá-st. 5	0,4						0,4
Vatnsdalsá-st. 7	44,6	8,7					53,3
Vatnsdalsá-st. 8	3,0						3,0
Vatnsdalsá-st. 9	1,0						1,0
Álka-staður 2							0,0
Álka-staður 3		7,8					7,8
Hólkotskvísl-st. 5							0,0
Vaglakovísl-st. 3							0,0
Tunguá-staður 2							0,0
Kornsá-staður 4							0,0

Tafla 15: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	5+	
Vatnsdalsá-st. 1	2,0					230,6	232,6
Vatnsdalsá-st. 2	14,9						14,9
Vatnsdalsá-st. 3	9,5	98,1	18,1	26,2			151,8
Vatnsdalsá-st. 5	6,0	29,5					35,5
Vatnsdalsá-st. 7	6,7	6,3					13,0
Vatnsdalsá-st. 8	2,2						2,2
Vatnsdalsá-st. 9		5,0	16,3	16,7			38,1
Álka-staður 2							0,0
Álka-staður 3		14,0	17,9				31,9
Hólkotskvísl-st. 5							0,0
Vaglakovísl-st. 3	11,2	54,5			68,2		134,0
Tunguá-staður 2	9,1	10,6	6,1				25,7
Kornsá-staður 4	20	17,4					37,4

Tafla 16a: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2009 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
Vatnsdalsá og hliðarár												
2001	14	5888	421	0,05	2,33	0,62	1,29		0,71	0,02		
2002	15	4818	321	0,25	1,97	1,16	2,20	0,02	0,91		0,10	0,02
2003	16	4798	300	3,52	4,84		1,43	0,14	1,84		0,22	0,03
2004	15	5204	347	5,29	7,71	0,67	2,26		0,26			
2005	15	3454	230	4,92	6,21		2,71		1,07		0,04	
2006	13	2822	217	4,97	19,23		6,71		1,83			
2007	13	2017	155	2,69	12,02		7,66		1,03			
2008	12	2235	186	4,93	7,92		2,27		1,39		0,34	
2009	13	2204	170	5,74	19,30		4,90		1,19			
Vatnsdalsá												
2001	6	2437	406	0,11	3,21		0,99		0,57			
2002	7	2850	407	0,28	2,26		1,77		0,95		0,04	0,04
2003	7	2304	329	4,22	3,47		1,61		1,60		0,18	
2004	7	2183	312	4,82	10,64		1,98		0,27			
2005	7	1652	236	8,46	6,92		3,33		1,07			
2006	7	1661	237	5,47	16,20		5,79		1,55			
2007	7	1287	184	3,36	11,22		6,08		0,71			
2008	7	1379	197	3,06	8,07		1,34		0,91		0,30	
2009	7	1161	166	8,04	20,76		4,96		1,55			
Álka												
2001	3	1600	533		1,00	0,24	2,89		1,89			
2002	3	1004	335	0,30	1,64		4,24	0,08	1,38			
2003	3	1036	345	1,41	9,94		1,03		4,25		0,76	
2004	3	1746	582	0,22	3,38	0,04	5,02		0,13			
2005	3	975	325	0,71	6,60		1,95		1,12			
2006	2	310	155	4,15	32,69		14,88		5,40			
2007	2	335	167,5	0,95	11,96		17,45		1,17			
2008	2	370	185	3,35	9,01		6,71		3,40		0,75	
2009	2	379	189,5	2,22	26,45		10,21		1,68			

Tafla 16b: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2009 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
Hólkotskvísl												
2001	2	715	358			3,97				0,13		
2002	2	350	175		1,67	8,67	0,33				0,58	
2003	2	520	260	7,92			0,42	1,13	1,67			
2004	2	530	265	12,75	0,50	5,00						
2005	2	358	179		0,33		0,33				0,33	
2006	1	138	138				2,90					
2007	1	158	158									
2008	1	242	242								0,41	
2009	1	248	248						0,40			
Vaglakovísl												
2001	1	350	350				0,57					
2002	1	140	140						0,71			
2003	1	185	185	6,49	2,70		2,70		0,54			0,54
2004	1	208	208		13,94		1,92		0,96			
2005	1	120	120		6,67		7,50		3,33			
2006	1	174	174	5,17	25,86		4,60		1,72			
2007	1	81	81				13,58		4,94			
2008	1	132	132	31,06	5,30							
2009	1	113	113	4,42	19,47		6,19		0,88			

Tafla 16c: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2009 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
Tunguá												
2001	1	480	480		5,42		1,88		0,83			
2002	1	234	234		3,85		6,41		2,14			
2003	1	320	320	0,31	4,69				1,25			
2004	1	325	325	4,31	9,54		2,15		0,62			
2005	1	160	160	8,75	7,50		1,25		1,88			
2006	1	224	224	11,61	37,50		7,59		0,45			
2007	1	84	84	1,19	35,71		7,14		1,19			
2008	1	112	112		15,18		4,46		3,57			
2009	1	203	203	0,49	18,23		2,46					
Kornsá												
2001	1	306	306		4,90		0,98					
2002	1	240	240	0,83	1,67		0,83					
2003	1	333	333		3,00		0,90		0,30			
2004	1	212	212	15,09	6,60		0,94					
2005	1	189	189	3,70	10,05		2,12					
2006	1	315	315	1,27	7,94		1,90					
2007	1	72	72	8,33	18,06		1,39					
2008*	0											
2009	1	100	100	9,00	15,00							

* Ekki veitt í Kornsá 2008

Tafla 17a: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2009 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
Vatnsdalsá og hliðarár								
2001	14	5888	421	0,62	0,07	0,02		
2002	15	4818	321	2,24	0,27	0,17		0,03
2003	16	4798	300	2,86	0,27	0,10		
2004	15	5204	347	2,31	0,20	0,16		
2005	15	3454	230	0,57	0,10	0,08		
2006	13	2822	217	1,72	0,16			0,05
2007	13	2017	155	0,72	0,31		0,07	
2008	12	2235	186	1,35	0,07			
2009	13	2204	170	4,27	0,31	0,07		
Vatnsdalsá								
2001	6	2437	406	1,30				
2002	7	2850	407	4,55	0,35	0,30		
2003	7	2304	329	5,17	0,25	0,15		
2004	7	2183	312	4,89	0,32	0,29		
2005	7	1652	236	1,15	0,14	0,10		
2006	7	1661	237	3,20	0,11			
2007	7	1287	184	1,15	0,24			
2008	7	1379	197	2,31	0,12			
2009	7	1161	166	7,92	0,45	0,13		
Álka								
2001	3	1600	533	0,19		0,11		
2002	3	1004	335					0,15
2003	3	1036	345			0,19		
2004	3	1746	582		0,09			
2005	3	975	325		0,19	0,19		
2006	2	310	155		0,63			0,31
2007	2	335	167,5				0,48	
2008	2	370	185					
2009	2	379	189,5		0,42			

Tafla 17b: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2009 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
Tunguá								
2001	1	480	480		0,63			
2002	1	234	234		0,43	0,43		
2003	1	320	320		2,19			
2004	1	325	325					
2005	1	160	160					
2006	1	224	224					
2007	1	84	84		2,38			
2008	1	112	112					
2009	1	203	203					
Kornsá								
2001	1	306	306	0,33	0,33			
2002	1	240	240	1,67	1,25			
2003	1	333	333	0,60	0,30			
2004	1	212	212	0,47	0,47	0,47		
2005	1	189	189	0,53				
2006	1	315	315					
2007	1	72	72	1,39				
2008*	0							
2009	1	100	100					

* Ekki veitt í Kornsá 2008

Tafla 18a: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2009 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	5+
Vatnsdalsá og hliðarár									
2001	14	5888	421	0,60	0,31	0,04	0,02		
2002	15	4818	321	0,79	0,07	0,02	0,01		
2003	16	4798	300	4,01	0,53	0,34	0,03		
2004	15	5204	347	1,24	0,39	0,95	0,09		
2005	15	3454	230	1,72	0,35	0,54	0,07		
2006	13	2822	217	4,85	1,47	0,32	0,20		
2007	13	2017	155	1,60	0,64	0,27		0,09	
2008	12	2235	186	5,34	1,03	0,14	0,04		
2009	13	2204	170	4,62	2,53	0,22	0,08	0,07	0,07
Vatnsdalsá									
2001	6	2437	406	1,12	0,03				
2002	7	2850	407	0,99	0,15	0,04	0,03		
2003	7	2304	329	1,30	0,89	0,64	0,06		
2004	7	2183	312	0,90	0,38	0,90	0,19		
2005	7	1652	236	0,60	0,40	0,24	0,16		
2006	7	1661	237	4,24	0,96	0,27	0,37		
2007	7	1287	184	1,64	0,66	0,16			
2008	7	1379	197	2,02	1,64	0,24	0,08		
2009	7	1161	166	4,01	2,80	0,21	0,15		0,13
Álka									
2001	3	1600	533						
2002	3	1004	335						
2003	3	1036	345						
2004	3	1746	582						
2005	3	975	325						
2006	2	310	155			0,31			
2007	2	335	167,5						
2008	2	370	185						
2009	2	379	189,5		0,84	0,42			

Tafla 18b: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2009 reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	Meðalstærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	5+
Vaglakvísl									
2001	1	350	350			0,57	0,29		
2002	1	140	140						
2003	1	185	185	30,81					
2004	1	208	208	7,21	0,48	3,85			
2005	1	120	120	9,17	0,83	4,17			
2006	1	174	174	8,05	5,75	1,15			
2007	1	81	81		1,23			1,23	
2008	1	132	132						
2009	1	113	113	10,62	7,08			0,88	
Tunguá									
2001	1	480	480		0,83				
2002	1	234	234	0,85					
2003	1	320	320	15,00	0,94				
2004	1	325	325	0,31	1,23	1,23			
2005	1	160	160	5,00	0,63	0,63			
2006	1	224	224	15,18	4,46	0,45			
2007	1	84	84	2,38	2,38	2,38			
2008	1	112	112	50,00	0,89				
2009	1	203	203	6,40	1,48	0,49			
Kornsá									
2001	1	306	306	1,63	3,27				
2002	1	240	240	4,17					
2003	1	333	333	6,31	0,30	0,90			
2004	1	212	212	4,72	1,42	2,83			
2005	1	189	189	7,41	1,06	1,59			
2006	1	315	315	10,16	2,22				
2007	1	72	72	6,94					
2008*	0								
2009	1	100	100	15,00	3,00				

* Ekki veitt í Kornsá 2008

Tafla 19a: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2009 reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
Vatnsdalsá og hliðarár											
2001	14	5888	0,03	1,99	0,51	1,14		0,54	0,02		
2002	15	4818	0,27	1,95	0,64	2,01	0,02	0,89		0,06	0,02
2003	16	4798	2,73	3,77		1,08	0,19	1,29		0,15	0,02
2004	15	5204	3,34	5,88	0,40	2,23		0,27			
2005	15	3454	5,24	4,89		2,03		0,75		0,03	
2006	13	2822	5,07	17,86		5,60		1,49			
2007	13	2017	2,88	8,92		6,35		0,84			
2008	12	2235	4,16	6,58		2,37		1,30		0,31	
2009	13	2204	3,77	12,79		4,08		1,09			
Vatnsdalsá											
2001	6	2437	0,08	2,71		1,07		0,45			
2002	7	2850	0,32	2,28		1,72		0,95		0,04	0,04
2003	7	2304	3,95	3,39		1,43		1,26		0,13	
2004	7	2183	3,39	8,70		2,11		0,37			
2005	7	1652	9,44	5,63		2,60		0,79			
2006	7	1661	5,48	14,87		4,58		1,26			
2007	7	1287	3,81	8,31		5,36		0,70			
2008	7	1379	2,90	6,60		1,74		0,94		0,22	
2009	7	1161	5,17	11,89		4,39		1,55			
Álka											
2001	3	1600		0,63	0,31	1,69		1,06			
2002	3	1004	0,20	1,10		2,99	0,10	1,00			
2003	3	1036	0,77	5,79		0,58		2,22		0,39	
2004	3	1746	0,17	2,29	0,06	3,26		0,11			
2005	3	975	0,41	3,69		1,13		0,62			
2006	2	310	4,19	33,23		15,16		5,48			
2007	2	335	0,60	8,96		12,24		0,90			
2008	2	370	3,24	8,65		6,49		3,24		0,81	
2009	2	379	2,11	18,47		7,12		1,06			

Tafla 19b: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Vatnsdalsá og hliðarám 2001-2009 reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	3+ss	4+	5+
Hólkotskvísl											
2001	2	715			3,50				0,14		
2002	2	350		1,43	8,86	0,29				0,57	
2003	2	520	3,65			0,19	1,73	0,77			
2004	2	530	9,62	0,38	3,77						
2005	2	358		0,28		0,28				0,28	
2006	1	138				2,90					
2007	1	158									
2008	1	242								0,41	
2009	1	248						0,40			
Vaglakovísl											
